

Reykjavík,
19. september 2024

TILLAGA

um vatns og kaffivélar

Undirrituð leggur það til að skrifstofa stúdentaráðs komi því í farveg að fjölgað verði vatnsvélum og kaffisjálfsölum á Háskólasvæðinu.

RÖKSTUÐNINGUR

Lokun útsölastaða Hámu í Odda og Háskólabíói hefur skaðað þjónustustigið á þeim svæðum gríðarlega. Mikið ákall er frá stúdentum að hafa í það minnsta aðgang að vatni og kaffi á sínum svæðum og því skiptir máli að vatnsvélum og kaffivélum sé komið upp þar sem Háma getur ekki þjónustað stúdenta. Mikilvægt er að skrifstofa finni farveg fyrir því að þessari þjónustu sé komið á fót, hvernig svo sem rekstri vélanna væri háttað.

Ragnheiður Geirsdóttir
Sviðsráðsforseti Félagsvísindasviðs og stúdentaráðsliði Vöku